

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Ár 2018, fimmtudaginn 22. mars, kl. 16:00, var haldinn aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarformaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður kjörin fundarstjóri og Guðbjörg Helga Hjartardóttir lögmaður fundarritari.

Á fundinn voru mættir alls 35 hluthafar eða umboðsmenn hluthafa, sem fóru með samtals 1.600.620.724 atkvæði eða 73,15% af hlutafé í félaginu.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins. Lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og úrskurðaði fundinn lögmatan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn í aðalstjórn voru mættir á fundinn; Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, Gestur Breiðfjörð Gestsson, Helga Hlín Hákonardóttir og Valdimar Svavarsson. Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, var einnig mættur.

Mættir voru endurskoðendur félagsins, sbr. lagaskyldur þar um í lögum um vátryggingastarfsemi, þ.e. Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Sæmundur Valdimarsson. Enn fremur var mættur fulltrúi frá Fjármálaeftirlitinu, Gunnar Ingólfsson, og fulltrúar frá Kauphöll Íslands, Ragnheiður Morgan og Hrafnhildur Mooney.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2017.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun.
5. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Kosið í stjórn félagsins.
8. Tillaga um starfskjarastefnu sem inniheldur m.a. ramma um kaupaukakerfi.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
10. Kosning endurskoðunarfélags til næstu fimm ára í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
11. Önnur mál löglega fram borin.
 - a. Tillaga Eaton Vance Management varðandi tilnefningarnefnd.
 - b. Breytingartillaga Gildis-lífeyrissjóðs vegna tilnefningarnefndar.

Var þá gengið til dagskrár:

1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2017

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir helstu meginatriði úr starfsemi félagsins á árinu. Rakti hún helstu atriði í stefnu félagsins á árinu, þ. á m. að því er varðar breytingar á skipulagi félagsins og stefnumótun. Fram kom að samsett hlutfall VÍS fyrir árið 2017 hefði komist undir 100% á árinu.

Stjórnarformaður stiklaði að öðru leyti á stóru um atburði ársins 2017 í tengslum við starfsemi félagsins og framtíðarverkefni. Í því sambandi ræddi stjórnarformaður m.a.

mögulegar breytingar á fjármagnsskipan félagsins, þar sem mið yrði m.a. tekið af starfsemi annarra norrænna váttryggingafyrirtækja.

Loks þakkaði stjórnarformaður stjórnarmönnum fyrir samstarfið á síðastliðnu starfsári, starfsmönnum félagsins fyrir góð störf og hluthöfum fyrir stuðning þeirra við stjórn.

2 Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár

Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2017.

Heildarhagnaður félagsins árið 2017 var 1.609 m.kr. Hagnaður ársins 2017 eftir skatta var 1.326 m.kr.

Iðgjöld ársins námu 20.528 m.kr. samanborið við 18.319 m.kr. árið 2016. Eigin iðgjöld voru 19.840 m.kr. samanborið við 17.647 m.kr. árið 2016. Fjárfestingatekjur voru 1.350 m.kr. samanborið við 1.997 m.kr. árið 2017. Tjón ársins námu m.kr. 13.966 samanborið við 14.865 árið 2016. Eigin tjón námu 14.555 samanborðið við 14.045 m.kr. árið 2016. Rekstrarkostnaður hækkaði á milli ára.

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2017 voru 46.405 m.kr. samanborið við 46.323 þann 31. desember 2016. Eigið fé var 16.766 m.kr. samanborið við 16.371 m.kr. þann 31. desember 2016. Váttryggingaskuld 31. desember 2017 var 24.405 m.kr. samanborið við 24.936 31. desember 2016.

Samsett hlutfall var 95,3%, en var 101,7% á árinu 2016. Gjaldþolshlutfall miðað við væntar arðgreiðslur var 1,42.

Forstjóri fór stuttlega yfir stefnu félagsins og áherslur stjórnenda í rekstri. Að lokum þakkaði forstjóri stjórn og stjórnendum fyrir gott samstarf á árinu, hluthöfum fyrir þeirra stuðning, svo og starfsmönnum félagsins fyrir þeirra störf á árinu.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um staðfestingu á ársreikningi félagsins:

„Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 verði samþykktur.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins. Enginn tók til máls.

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3 Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um ráðstöfun hagnaðar félagsins:

„Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,60 á hlut fyrir árið 2017. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 1.322 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 22. mars 2018 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 26. mars 2018 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 23. mars 2018 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 28. mars 2018 (arðgreiðsludagur).“

Fundarstjóri kynnti greinargerð stjórnar með tillögunni.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

4 Tillaga um lækku hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 22. mars 2018, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.223.497.541 að nafnverði í kr. 2.202.642.307 að nafnverði, og að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 20.855.234 séu þannig ógiltir. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35 sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017 og samþykki fyrirtækjaskrár. Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins skal stjórn félagsins heimilt að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við hlutafjárلækkunina.“

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

5 Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Fundarstjóri kynnti greinargerð stjórnar með tillögunni.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

6 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins:

6.1 Breyting á 3. gr.:

Verði tillaga samkvæmt dagskrárlíð 4 um lækku hlutafjár samþykkt, skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að uppfæra 3. gr. samþykktu félagsins til samræmis við samþykktu hlutafjárلækkun, þannig að 3. gr. orðist svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.202.642.307 – tveir milljarðar tvö hundruð og tvær milljónir sex hundruð fjörutíu og tvö þúsund þrjú hundruð og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

Fundarstjóri gaf orðið laust, en enginn tók til máls.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

6.2 Breyting á 18. gr.

„Lagt er til að breyting verði gerð á 2. mgr. 18. gr. samþykkt félagsins þess efnis að ekki verði lengur skylt að bera fundargerð hluthafafundar undir atkvæði fundarins, þannig að ákvæði 2. mgr. 18. gr. orðist svo:

„Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Hluthafi óskaði skýringa á tilgangi tillögunnar, sem fundarstjóri útskýrði með vísan til laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

7 Kosið í stjórn félagsins

Samkvæmt samþykktum félagsins skipa stjórnina fimm menn og tveir til vara.

Eftirtaldir einstaklingar höfðu gefið kost á sér í stjórn félagsins:

Aðalstjórn

Gestur Breiðfjörð Gestsson

Helga Hlín Hákonardóttir

Jón Sigurðsson

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

Valdimar Svavarsson

Varastjórn

Ólöf Hildur Pálsdóttir

Sveinn Friðrik Sveinsson

Stjórnarformaður félagsins, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, kvað sér hljóðs, þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið á síðastliðnu starfsári og bauð stjórnarmönnum að kynna sig stuttlega. Stjórnarmenn kynntu sig í kjölfarið.

Fundarstjóri lýsti yfir að framangreindir einstaklingar væru sjálfkjörnir í stjórn félagsins og ekki kæmi til atkvæðagreiðslu.

8 Tillaga um starfskjarastefnu sem inniheldur m.a. ramma um kaupaukakerfi

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um breytingar á starfskjarastefnu félagsins:

„Breytingarnar sem lagðar eru til á starfskjarastefnu tengjast flestar nýrri reglugerð um váttryggingastarfsemi nr. 585/2017, nýju kaupaukakerfi og þeirri staðreynd að VÍS hefur öðlast jafnlaunavottun.“

Ályktunartillögur stjórnar vísuðu að öðru leyti til drga að nýrri starfskjarastefnu, með upplýsingum um nýtt kaupaukakerfi, sem fylgdi tillögunum.

Fundarstjóri kynnti greinargerð stjórnar með tillögunni.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, formaður stjórnar félagsins, kvað sér hljóðs og upplýsti að engir kaupaukar hefðu verið greiddir fyrir síðasta

starfsár. Útskýrði stjórnarformaður að kaupaukakerfinu væri ætlað að tryggja að æðstu stjórnendur félagsins nytu sambærilegra starfskjara og stjórnendur helstu samkeppnisaðila félagsins, en tengdu um leið hagsmuni stjórnenda við rekstrarárangur félagsins. Kerfið ætti til að byrja með að taka til 7 starfsmanna.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta atkvæða.

9 Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar

Tekin var á dagskrá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um þóknun til stjórnar:

„Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 410.000,- fyrir almennan stjórnarmann og tvöföld þóknun fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 410.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 115.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir setu í undirnefndum verði kr. 95.000 fyrir hvern fund og tvöföld þóknun fyrir formann.“

Fundarstjóri kynnti greinargerð stjórnar með tillögunni.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Bar fundarstjóri þá tillöguna undir atkvæði hluthafa og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

10 Kosning endurskoðunarfélags til næstu fimm ára í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar um kjör nýs endurskoðanda til næstu fimm ára:

„Stjórn leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfélag VÍS til næstu fimm ára, sbr. 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.“

Fundarstjóri kynnti greinargerð stjórnar með tillögunni.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna, en enginn tók til máls.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

11 Önnur mál löglega fram borin

- a. Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga Eaton Vance Management fyrir hönd sjóða í þeirra stýringu:

„Aðalfundur Váttryggingafélags Íslands hf. samþykkir að félagið skuli skipa tilnefningarnefnd. Aðalfundur felur stjórn Váttryggingafélags Íslands að setja á laggirnar og skipa tilnefningarnefnd í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja.“

- b. Fyrir fundinum lá einnig fyrir eftirfarandi breytingartillaga Gildis lífeyrissjóðs varðandi framangreinda tillögu:

„Aðalfundur Váttryggingafélags Íslands hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar

Í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina."

Tók fundarstjóri fyrst fyrir breytingartillöguna.


Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna, en enginn tók til máls.

Var breytingartillagan samþykkt samhljóða. Var því ekki ástæða til að taka afstöðu til fyrri tillögunnar.

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn tók til máls.

Var fundarstjóra og fundarritara veitt heimild til að ganga frá fundargerð fundarins. Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:15.



Helga Melkorka Óttarsdóttir, fundarstjóri



Guðbjörg Helga Hjartardóttir, fundarritari

Fundargögn:

Atkvæðaseðill

Dagskrá fundarins

Samantekt um hlutfjáreign stærstu hluthafa og breytingar milli ára

Upplýsingar um réttindi hluthafa á aðalfundi

Ályktunartillögur stjórnar og hluthafa

Yfirlýsing stjórnar og endurskoðanda í tengslum við hlutfjárlækkun

Núgildandi samþykktir félagsins

Helstu upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar

Breytt starfskjarastefna

Ársreikningur samstæðunnar

Stjórnarháttayfirlýsing